

Ársskýrsla fyrir árið 2008

1. Inngangur

Árið 2008 var fremur annasamt í starfi ríkissáttasemjaraembættisins. Hátt í 200 kjarasamningar voru gerður á árinu og aðstæður til kjarasamningagerðar í landinu um margt mjög óvenjulegar. Framan af ári var atvinnuástand á vinnumarkaði þannig að spurn var eftir fólki til starfa og setti mark sitt á kjaraviðræður. Þegar á árið leið, snérist þetta við.

Mikill fjöldi kjarasamninga var gerður í húsakynnum ríkissáttasemjara, Borgartúni 21. Ætla má að meiri hluti allra samninga í landinu, bæði á almennum markaði og á hinum opinbera hafi verið unnir þar. Segja má, að það hafi gengið eftir sem að var stefnt, þegar núverandi húsnæði var tekið í notkun, að á einum tilteknum stað gætu samningaviðræður deiluaðila farið fram, óháð því hvort kjaradeilu væri vísað til ríkissáttasemjara eða ekki. Hér á eftir er gefið yfirlit um þá kjarasamninga, sem gerðir voru í húsakynnum ríkissáttasemjara en mikill fjöldi fólks starfaði að gerð þeirra um lengri eða skemmri tíma.

2. Hlutverk ríkissáttasemjara

Hlutverk ríkissáttasemjara er samkvæmt lögum nr. 80/1938 með síðari breytingum, að annast sáttastörf í vinnudeilum launafólks og félaga þess annars vegar og atvinnurekenda og félaga þeirra hins vegar. Þessir aðilar eru gjarnan kallaðir einu nafni aðilar vinnumarkaðarins. Aðilum vinnumarkaðarins er skylt að gera áætlun um skipulag viðræðna um endurnýjun kjarasamnings í síðasta lagi 10 vikum áður en samningar eru lausir.

Reynist samningaviðræður aðila árangurslausar getur hvor aðili um sig eða þeir sameiginlega vísað deilunni til sáttasemjara. Sé málum vísað til sáttasemjara eða hann tekur stjórn viðræðna í sínar hendur að eigin frumkvæði, fer hann almennt með stjórn funda en getur einnig gert samningsaðilum að ræða mál frekar sín á milli án hans aðildar.

Ennfremur segir um skyldur ríkissáttasemjara að árangurslaus tilraun til að ná sáttum í viðræðum undir stjórn sáttasemjara er forsenda þess að heimilt sé að boða til vinnustöðvunar. Deilu sem stefnir í átök með vinnustöðvun, bera að tilkynna sáttasemjara og þeim sem hún beinist að, með 7 sólahringa fyrirvara. Sáttasemjari getur ekki frestað boðaðri vinnustöðvun en aðilum á almenna vinnumarkaðnum er það heimilt.

Beri samningaumleitanir sáttasemjara ekki árangur er honum heimilt að leggja fram miðlunartillögu til lausnar vinnudeilu að undangengnum viðræðum við deiluaðila. Á þetta reyndi á síðastliðnu ári eins og nánar verður frá greint hér að neðan.

Loks er þess að geta að sáttasemjari hefur víðtækar heimildir til gagnaöflunar um ástand og horfur í atvinnulífi og á vinnumarkaði sem og um þróun kjaramála um allt land. Ríkissáttasemjari skal ennfremur halda yfirlit um hvenær sáttafundir eru haldnir, hverjir sitja þá og um þau gögn sem fram eru lögð. Þá skal hann halda skrá yfir gildandi kjarasamninga og

er aðilum að kjarasamningum skylt að senda honum afrit af öllum kjarasamningum, uppsögn kjarasamninga og kröfugerð.

3. Fjöldi kjarasamninga í landinu – samningar hjá ríkissáttasemjara

Það lætur nærri að í landinu séu í gildi rúmlega 300 samningar um kaup og kjör milli launþega og vinnuveitenda þeirra. Þessir samningar hafa í áranna rás verið gerðir víðsvegar um landið allt eftir því sem hentar samningsaðilum. Á síðari árum hefur færst í vöxt, að samningar séu gerðir í húsakynnum ríkissáttasemjara. Sjá meðfylgjandi; *Yfirlit yfir kjarasamninga einstakra félaga og sambanda*.

Kjarasamninga sem gerðir voru hjá ríkissáttasemjara 2008 má flokka með ýmsum hætti s.s. eftir fjölda kjarasamninga skipt eftir landsamböndum. Samkvæmt því teljast 55 samningar til Alþýðusambands Íslands (ASÍ), 36 til Bandalags háskólamanna (BHM), 28 til Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB), 4 til Farmanna- og fiskimannasamband Íslands (FFSÍ) og 4 til Kennarasambands Íslands. Samningar við aðila sem standa utan landssambanda og vinnustaðasamningar teljast 49.

4. Deilum vísað til ríkissáttasemjara

Allflestar kjaradeilur leysast án aðildar sáttasemjara en hluta þeirra er þó vísað til ríkissáttasemjara til úrvinnslu. Í öðrum tilvikum er stundum óskað eftir aðild hans að ágreiningsefnum með óformlegum hætti.

Árið 2008 var 39 málum vísað með formlegum hætti til ríkissáttasemjara. Frá árinu 2007 voru engin mál óleyst í upphafi ársins. Þau mál sem vísað var til sáttasemjara eru eins og fram kemur í hjálögðu yfirliti: *Málum vísað til ríkissáttasemjara 2008*.

Af einstökum málum stendur deila Ljósmeðrafélags Íslands og ríkisins upp úr. Deilu aðila var sameiginlega vísað til sáttasemjara 27. júní og leystist fyrst 19. september. Til lausnar deilunni hélt ríkissáttasemjari 12 árangurslausu sáttafundi. 16. september lagði sáttasemjari fram formlega miðlunartillagu til sátta sem borin var undir atkvæði deiluaðila 17. – 19. september. Tillagan var samþykkt með 85% greiddra atkvæða félagsmanna og fjármálaráðherra samþykkti einnig tillöguna að sínu leyti. Í árslok 2008 höfðu öll mál sem vísað var til sáttasemjara verið leidd til niðurstöðu að undanskyldum málum nr. 36 og 37.

5. Samningafundir í vísuðum og óvísuðum málum

Hjá ríkissáttasemjara er haldið yfirlit um alla samningafundi sem fram fara í húsakynnum embættisins. Af augljósum ástæðum er álag mismikið eftir tímabilum og stöðu samninga hverju sinni. Á árinu 2008 voru alls haldnir 338 sáttafundir í málum sem vísað var og skráðir eru 574 fundir í málum sem leystust milli samningsaðila án aðildar sáttasemjara. Fjöldi samninganefnda og einstaklinga kemur jafnan að gerð kjarasamninga. Ekki er haldið yfirlit um fjölda eða nöfn einstaklinga í málum þar sem ekki reynir á aðild sáttasemjara.

6. Ríkissáttasemjaraskipti

Tímamót urðu 1. nóvember 2008 þegar Ásmundur Stefánsson, hagfræðingur lét af starfi ríkissáttasemjara. Ásmundur varð ríkissáttasemjari 2003 þegar Þórir Einarsson fyrrverandi prófessor lét af starfinu fyrir aldurs sakir. Þess ber að geta að fyrstur til að gegna starfinu í núverandi mynd, var Guðlaugur Þorvaldsson, fv. háskólarektor, en hann gegndi því frá stofnun 1980 til 1994, þegar hann lét af störfum. Magnús Pétursson, fyrrverandi forstjóri Landspítalans tók við starfinu 1. nóvember 2008 og er skipaður til fimm ára.

7. Starfsmannahald og rekstur

Á haustdögum 2008, þegar efnahagsferfiðleikar dundu yfir og bankarnir í landinu lentu í kreppu, leituðu stjórnvöld til fjölda ráðgjafa innlendra sem erlendra. Á tímabilinu frá byrjun október og fram undir jól höfðu margir þessarra aðila aðsetur í húsakynnum ríkissáttasemjara. Má hér nefnda fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, fulltrúa Ráðgjafafyrirtækisins McKinsey og ótal starfsnefndir stjórnvalda. Húsnæðið var vel nýtt á þessum tíma, enda stóðu jafnframt yfir samningaviðræður í deilu sjómanna og útvegsmanna, sveitafélaganna og starfsmanna þeirra og ríkisins við fjölmarga hópa launþega.

Á launaskrá hjá embætti ríkissáttasemjara árið 2008 voru auk ríkissáttasemjara Elísabet S. Ólafsdóttir, skrifstofustjóri og Hjördís Finnbogadóttir, fulltrúi. Hjördís lét af starfi í lok ársins og ekki hefur verið ráðið í hennar starf.